



Alþýðusamband Íslands

Launahlutföll forstjóra í almenningshlutafélögum 2011-2013

Reglulega berast fréttir af ríkulegum launakjörum æðstu stjórnenda í atvinnulífinu og vísbendingar eru um að hvatakerfi og kaupaukar séu á ný orðinn hluti af starfskjörum ákveðinna hópa. Mikil alþjóðleg umræða hefur verið á síðustu árum um hvernig kjör æðstu stjórnenda virðast í auknum mæli vera komin úr öllu samhengi við kjör alls meginþorra launafólks og lúta lögmálum sem flestum eru hulin. Fyrir bankahrun sáum við í íslensku atvinnulífi ævintýraleg kjör stjórnenda í fjármálafyrirtækjum sem þegar verst lét voru slík að það tæki 5-6 verkamenn alla starfsævina að vinna sér inn laun sem samsvara árslaunum eins manns. Slík þróun í tekjudreifingunni hefur óneitanlega áhrif á samfélagsgerðina og vekur með réttu upp spurningar um réttlætninguna og siðferðið að baki þeirri ákvörðun að endurgjalda vinnuframlag eins manns með slíkum upphæðum. Þótt ofurlaun á borð við það séu almennt ekki greidd í íslensku atvinnulífi eru kjör æðstu stjórnenda fyrirtækja þó í mörgum tilvikum ærin. Eðlilegt er að launakjör endurspegli ábyrgð og vinnuálag og fyrirtæki leitist við að vera samkeppnishæf um góða stjórnendur en álitaefni er hvenær laun teljast orðin óhófleg og úr öllu samhengi við frammistöðu eða langtímahagsmuni fyrirtækjanna.

Launafólk varðar málið út frá tveimur hliðum. Annars vegar er eðlilegt að horfa til þess að tekjudreifing innan þeirra fyrirtækja sem við stöfum hjá sé sanngjörn og réttlát og allir starfsmenn njóti afraksturs vinnu sinnar og árangurs þegar vel gengur. Hins vegar er launafólk eigendur að stórum hlutum í mörgum helstu atvinnufyrirtækjum landsins í gegnum lífeyrissjóði sína.

Til að setja kjör æðstu stjórnenda í samhengi er gagnlegt að skoða þau í samanburði við aðra hópa. Til að gera það höfum við reiknað s.k. *launahlutfall* forstjóra í öllum íslenskum fyrirtækjum sem skráð voru á hlutabréfamarkaði í júlí 2014. Launahlutfallið skoðum við annars vegar út frá meðallaunum fullvinnandi verkafólks í landinu - sem segir til um hversu marga fullvinnandi verkamenn þarf til að vinna fyrir launum æðsta stjórnanda fyrirtækisins. Hins vegar skoðum við launahlutfallið út frá meðallaunum starfsmanna í viðkomandi fyrirtæki – sem segir til um hversu marga almenna starfsmenn viðkomandi fyrirtækis þarf til að vinna fyrir launum æðsta stjórnandans. Skoðaðar eru tölur fyrir árin 2011 – 2013.

Upplýsingar um launakjör æðstu stjórnenda eru fengnar úr ársreikningum fyrirtækjanna. Til launatekna eru hér reiknuð öll laun og hlunnindi, kaupaukar, starfslokagreiðslu og hlutabréfatengd hlunnindi. Skoðaðar eru launatekjur í ákveðnum stöðum en ekki einblínt á þá einstaklinga sem þeim gegna hverju sinni.


Til að skoða hlutfall á milli tekna stjórnendanna og verkafólks eru notaðar launaupplýsingar frá Hagstofu Íslands um meðaltal heildarlauna fullvinnandi verkafólks á almennum vinnumarkaði. Launahlutfall innan fyrirtækjanna er reiknað út frá upplýsingum úr ársreikningum fyrirtækjanna um fjölda stöðugilda og launagreiðslur að frádregnum launum æðstu stjórnenda innan fyrirtækisins.

Tafla 1: Meðaltal heildarlauna fullvinnandi verkafólks

	2011	2012	2013
Alls	366.000	406.000	428.000
Karlar	388.000	423.000	447.000
Konur	309.000	350.000	371.000

Heimild: Hagstofa Íslands

1. Launahlutfall forstjóra og fullvinnandi verkafólks



* Að auki fékk fráfarandi forstjóri Marel greiddar um 480 milljónir kr. eða 86 verkamannalaun á árinu 2013.

** Reikningsár Haga er frá 1.mars til 28.febrúar.

Kjör æðstu stjórnenda í skráðum almenningshlutafélögum hér á landi eru nokkuð misjöfn enda starfsemi og markaðssvæði fyrirtækjanna ólík. Nokkur fyrirtæki skera sig þó verulega úr.

Forstjóri Össurar trónir á toppi skráðra félaga en hann hafði hafði launatekjur í fyrra sem jafngilda meðallaunum 31 verkamanns. Breytingin frá árinu 2011 þegar launatekjur forstjóra Össurar námu ríflega 39 verkamannalaunum skýrist að hluta til af gengisáhrifum þar sem fyrirtækið gerir upp í dollurum en að mestu af lægri árangurstengdum greiðslum.

Forstjóri Haga hafði launatekjur á rekstrarárinu 2013/14 sem samsvöruðu launum tæplega 15 verkamanna. Sveiflurnar milli ára í launum forstjóra Haga eru miklar en á rekstrarárinu 2011/12 hafði hann laun sem jafngiltu ríflega 30 verkamannalaunum. Breytingin milli ára felst fyrst og fremst því að 2011 fékk forstjórinn tæplega 76 milljónir króna í hlutabréfatengd hlunnindi og á rekstrarárinu 2012/13 um 22 milljónir en slík hlunnindi voru ekki greidd til forstjórans á síðasta ári.

Forstjóri Eimskipafélagsins hafði í fyrra launatekjur sem jafngiltu launum ríflega 17 fullvinnandi verkamanna sem er hækkun frá árinu áður þegar tekjurnar námu ríflega 15 verkamannalaunum. Breytingin skýrist einungis að litlu leyti af gengisbreytingum en félagið gerir upp í Evrum, heldur fyrst og fremst af hækkun á launum og öðrum hlunnindum milli ára.

Marel skipti um mann í brúnni á síðari hluta árs 2013. Fyrrum forstjóri hafði á árunum 2011 og 2012 launatekjur um 20 fullvinnandi verkamanna en fékk á árinu 2013 þegar hann lét af störum um 480 milljónir króna í laun. Sú upphæð jafngildir launum ríflega 86 fullvinnandi verkamanna eða samsvarandi því sem tekur tvo verkamenn alla starfsævina að vinna sér inn. Nýr forstjóri fékk nokkuð lægri laun en fyrirrennari sinn en mánaðarlaun fyrir þann tíma sem hann var í starfi á árinu 2013 námu ríflega 12 verkamannalaunum.

Í flestum öðrum skráðum félögum nema laun æðsta stjórnandans á bilinu 5-8 verkamannalaunum en eru nokkuð hærri hjá N1 þar sem hlutfallið nam ríflega 10 í fyrra. Forstjóraskipti urðu hjá N1 á haustmánuðum 2012 og miðast launahlutfall fyrir það ár við kjör og starfstíma nýs forstjóra. Fyrri forstjóri sem hafði á árinu 2011 samsvarandi ríflega 7,5 verkamannalaunum í launatekjur hjá félaginu fékk á árinu 2012 þegar hann lét af störfum að auki greiddar tæplega 40 milljónir króna eða sem jafngildir um 12 verkamannalaunum á þeim tíma sem hann var starfandi hjá félaginu það ár.

Nokkrar sveiflur eru í launum æðstu stjórnenda margra félaga milli ára sem skýrist að líkindum m.a. af mis háum bónus- eða hvatagreiðslum milli ára. Launatekjur forstjóra fasteignafélagsins Regins námu t.a.m. ríflega 3 verkamannalaunum á árinu 2011 en hafa síðan hækkað umtalsvert og voru í fyrra samsvarandi tæplega 5 verkamannalaunum.



Þrjú tryggingafélög eru skráð á aðallista Kauphallarinnar. Forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar er launahæstur þeirra þriggja, hafði launatekjur ríflega 8 fullvinnandi verkamanna á árinu 2013 sem er nokkur lækkun frá árinu 2011 þegar laun hans námu ríflega 11 verkamannalaunum. Forstjórar VÍS og Sjóvá voru í fyrra báðir með laun sem jafngilda um 7,5 verkamannalaunum.

Forstjóri Nýherja hafið launatekjur ríflega 4,5 verkamanna í fyrra en þær hafa lækkað nokkuð frá árinu 2011 þegar hlutfallið var 7,5. Rétt er að taka fram að nýr forstjóri tók við félaginu haustið 2013 en miðað er við kjör fyrrum forstjóra í samanburðinum.

Þá hafði forstjóri Icelandair group um 8,5 verkamannalaun í fyrra, forstjóri Vodafone tæplega 8 og forstjóri HB Granda ríflega 7.

2. Launahlutfall forstjóra og fullvinnandi verkakvenna


Konur eru fáar í æðstu stöðum og aðeins ein kona er forstjóri í skráðu hlutafélagi hér á landi. Munur á heildarlaunum verkakarla- og kvenna er um fimmtungur og þegar forstjóraunin eru skoðuð með kynjagleraunum má sjá að launamunur verkakvenna og æðstu stjórnenda er enn meiri.



Það þurfti t.a.m. tæplega 36 fullvinnandi verkakonur til að vinna fyrir launum forstjóra Össurar í fyrra og 20 til að jafna laun forstjóra Eimskipafélagsins. Forstjóri Haga hafði laun 17 verkakvanna og forstjóri Marel ríflega 14.

3. Launahlutfall innan fyrirtækja

Til þess að fá mynd af launamun innan fyrirtækjanna eru laun forstjóra skoðuð í samhengi við meðallaun starfsmanna í viðkomandi fyrirtæki. Þannig fæst launahlutfall innan fyrirtækjanna.



Sú mynd sem hér birtist endurspeglar að mestu leyti það sem rakið hefur verið en í öllum fyrirtækjunum, að Högum og N1 undanskildum, eru meðallaun starfsmanna hærri en verkamannalaun og launahlutfallið innan fyrirtækjanna því lægra en í samanburði við laun verkafólks. Forstjóri Hagar hafði laun tæplega 35 starfsmanna fyrirtækisins á árinu 2011 en í fyrra nam hlutfallið ríflega 17. Hjá N1 er launahlutfallið innan fyrirtækisins svipað og í samanburði við verkamannalaun en forstjórinn hafði í fyrra laun 10,5 starfsmanna fyrirtækisins.

